

Sp.

69. Tillaga til þingsályktunar

[60. mál]

um 18 ára kosningaaldur.

Flm.: Benedikt Gröndal, Birgir Finnsson, Friðjón Skarphéðinsson,
Jón Þorsteinsson, Sigurður Ingimundarson.

Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur á Íslandi.

Athugun þessa skal gera sjö manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kys sér sjálf formann.

Nefndin skal skila álitum fyrir setningu reglulegs Alþingis 1966.

Greinargerð.

Snemma á árinu 1963 hélt Alþýðuflokkurinn aukabing, þar sem afgreidd var ný og endurskoðuð stefnuskrá flokksins. Eitt þeirra nýmæla, sem flokkurinn þá samþykkti, var að hefja baráttu fyrir 18 ára kosningaaldri.

Alþýðuflokkurinn vekur nú máls á þessari hugmynd við hina flokkana með því að flytja ofangreinda þingsályktunartillögu. Einfalt væri að flytja frumvarp um breytingu á stjórnarskránni, þar sem aldrinum 21 væri breytt í 18. Þar sem hinir flokkarnir hafa enn ekki látið opinberlega í ljós skoðun á málinu, þykir eðlilegra að fara fram á skipun nefndar til að fjalla um það og veita þannig svigrúm til athugunar og umræðu. Fari svo, að hugmyndin fái stuðning, er óþarft að láta samþykkt stjórnarskrárbreytingar af þessu tagi leiða til þingslita og kosninga, heldur rétt að afgreiða málið á síðasta þingi fyrir reglulegar kosningar. Slíkt þing verður að öðru jöfnu veturinn 1966—67.

Þegar Alþýðuflokksmenn voru fyrst kosnir á þing fyrir tæplega hálfri öld, höfðu þeir einir atkvæðisrétt við kjördæmakosningar, sem voru 25 ára og stóðu ekki í skuld fyrir þeginn sveitastyrk. Við landskjör giltu sömu skilyrði og 35 ára aldursmark.

Það var frá öndverðu eitt af mestu áhugamálum Alþýðuflokksins að berjast fyrir rýmkun kosningarréttarins. Var markið sett við 21 ár og afnám skilyrðisins um sveitastyrk. Var það í samræmi við þær reglur, sem þá giltu í frjálslyndum löndum og gilda víðast enn.

Þessi barátta mætti allmikilli andstöðu, en þó náðist áfanginn með stuðningi víðsýnna manna í öllum flokkum. Árið 1929 var lögfestur 21 árs kosningaaldur og sveitastyrksákvæðið afnumið í kosningum til sveitarstjórna, og með stjórnarskrárbreytingunni 1934 voru sömu ákvæði tekin upp við þingkosningar.

Síðan hafa miklar breytingar orðið á lífskjörum og lífnaðarháttum menningarþjóða. Velmegun er meiri og æskan virðist fá bráðari þroska en áður. Skólaganga er almennari en áður tíðkaðist og mun meira um framhaldsmenntun. Hin hraða uppbygging nútíma þjóðfélags á Íslandi hefur leitt til þess, að ungt fólk er kallað til margvíslegra ábyrgðarstarfa mun fyrr en áður.

Því er haldið fram gegn 18 ára kosningaaldri, að ungt fólk hneigist til ofstækis, öfga og yfirborðsmennsku. Þetta er sleggjudómur, og mundi ráðleggra að sýna æskunni fullkomið traust. Þá fyrst mun reyna á þroska hennar, og hann mun ekki bregðast í þessu efni, frekar en hjá hinum eldri. Mikið er talað um vandamál æskunnar, ekki sízt í velferðarríkjum. Mun ekkert ráð betra í þeim efnum en að veita æskufólki sinn sess í þjóðfélaginu með fullri ábyrgð og trausti.

Mikil hreyfing er nú víða um lönd um að koma á 18 ára kosningaaldri. Stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, riðu á vaðið í þessum efnum. Í Sovétríkjunum er kosningarréttur miðaður við þann aldur, er búast má við fullum vinnuafköstum af hverjum borgara, og var 18 ára markið valið frá því sjónarmiði. Í Bandaríkjunum var meira hugsað um margvíslega ábyrgð, sem lögð er á 18 ára fólk, svo sem að því er ætlað að berjast og jafnvel fórnari lífi sínu fyrir land sitt. Var 18 ára kosningaaldur fyrst tekinn upp í fylkinu Georgíu, en nú hafa mörg fleiri fylki 18, 19 eða 20 ára kosningaaldur.

Íslenska lýðveldið þarf á hverjum manni og konu að halda, og það krefst félagslegs þroska af hverjum einstaklingi. Því er tími til kominn að sýna hinni fjölmennu kynslóð, sem innan skamms á að erfa landið, það traust að veita henni fulla ihlutun um stjórn landsins við 18 ára aldur.